

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni um uppsagnir starfsmanna velferðarráðuneytisins og starfslið ráðherra.

1. *Hve mörgum starfsmönnum velferðarráðuneytisins hefur verið eða verður sagt upp störfum vegna sérstakrar 5% niðurskurðarkröfu sem lögð var á aðalskrifstofur ráðuneyta í fjárlögum? Svarið óskast sundurliðað eftir skrifstofum ráðuneytisins og starfsheitum og greint skal frá því í hve miklum mæli er um uppsagnir eða lækkingu starfshlutfalls að ræða.*

Um er að ræða níu starfsmenn, sbr. eftirfarandi yfirlit:

Uppsagnir:

- Sérfræðingur á skrifstofu gæða og forvarna, sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.
- Sérfræðingur á skrifstofu samhæfingar og þróunar, sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningur um starfslok:

- Sérfræðingur á skrifstofu velferðarþjónustu, samkomulag um starfslok í lok árs 2014.

Breytt starfshlutfall, mismunandi er hvenær á árinu 2014 það tekur gildi:

- Sérfræðingur á skrifstofu gæða og forvarna, samkomulag um að lækka starfshlutfall.
- Sérfræðingur á skrifstofu gæða og forvarna, samkomulag um að lækka starfshlutfall.
- Sérfræðingur á skrifstofu rekstrar og innri þjónustu, samkomulag um að lækka starfshlutfall.
- Sérfræðingur á skrifstofu samhæfingar og þróunar, samkomulag um að lækka starfshlutfall.
- Sérfræðingur á skrifstofu velferðarþjónustu, samkomulag um að lækka starfshlutfall.
- Sérfræðingur á skrifstofu samhæfingar og þróunar, samkomulag um að lækka starfshlutfall tímabundið.

2. *Hve marga aðstoðarmenn, ráðgjafa eða starfsmenn í sérverkefni í fullu starfi eða hlutastarfi eða sem verktaka hafa ráðherrar í velferðarráðuneytinu ráðið frá stjórnarskiptum?*

Frá stjórnarskiptum hafa ráðherrar í velferðarráðuneytinu ráðið ellefu aðila tímabundið til að vinna tiltekin verkefni. Níu af þessum aðilum fá greitt sem verktakar en tveir fá fasta þóknun á mánuði.

Aðstoðarmenn ráðherra eru í ráðningarsambandi við forsætisráðuneytið og mun það ráðuneyti veita upplýsingar um fjölda þeirra í svari við fyrirspurn á þingskjali 734 í 403. máli.